LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR



20/6 – 24/8 2003

# Nýir tímar í íslenskri samtímaljósmyndun

# New times in Icelandic Photography




Guðmundur Ingólfsson: Pepsi, 1989

## Íslensk samtímaljósmyndun

Ljósmyndin er spegill sem brugðið er upp að tímanum. Speglar í senn umhverfið og afstöðu þess sem myndar. Myndavél er tæki sem skráir upplifun eða uppákomu, atburð eða ásjónu. Möguleikar þessarar skráningar virðast ótæmandi; ljósmyndir endurspegla margbreytileika samtímans.

Á síðustu áratugum hafa íslenskir ljósmyndarar fengist við afar fjölbreytileg viðfangsefni og sett þau fram á margvíslegan hátt, rétt eins og þekkist annarsstaðar. Við notkun og þróun miðilsins hafa komið fram ótal tískustraumar, þar sem áhersla hefur verið lögð á ólíka þætti hvað varðar frásagnarhátt og tjáningu. Þessa fjölbreytni má upplifa hér á sýningunni.

## Icelandic Contemporary Photography

The photograph is a mirror in the face of time. It reflects both the environment and the photographer's perspective. The camera is a tool that records an event, an experience or a visage. The potential is seemingly endless; photographs reflect the diversity of the age.

Icelandic photographers have in the past decades dealt with diverse subjects and presented them in various ways like their colleagues on the international scene. Countless trends have emerged with the utilisation and development of the medium and emphasis has been placed on different aspects of narrative and expression. This diversity is evident in this exhibition.

The landscape tradition has been prominent for a while in the works of independent photographers in Iceland. This should not come as a surprise as the nature of the terrain is intricate but the population of people small. In the impoverished flora of photography books in Iceland the landscape portrait has flourished in an impressive fashion. The range

Sigurður Guðmundsson: Ljóð, hestur og lestur, 1972 Ljósmynd: Inger Helene Bóasson



Forsíðumynd / Bjargey Ólafsdóttir: Falskar tennur (hluti), 2000 Ljósmynd: Inger Helene Bóasson



**RAX:** Bóndi á suðurströnd Íslands, 1996

Til skamms tíma hefur landslagshefðin verið hvað ríkust í verkum sjálfstæðra ljósmyndara á Íslandi, og kemur ekki á óvart, þar sem náttúran er hér margslungin og fólkið fátt. Í fátæklegri flóru ljósmyndabóka á Íslandi hefur landslagsljósmyndin blómstrað á áhrifamikinn hátt. Fjölbreytileiki í myndefni og efnistökum hefur engu síður aukist verulega á síðustu áratugum. Myndavélinni hefur í auknum mæli verið beint að samfélaginu, verkum mannanna og þætti þeirra í umhverfinu. Hin mannlega upplifun, tilbúin eða raunveruleg, hefur verið spegluð á margbreytilegan hátt.

Á þessari sýningu er miðlinum ekki búinn þröngur rammi heldur sýnd verk sem eru afar fjölbreytileg, hvað varðar stílbrögð og afstöðu höfunda til efnisins. Hér eru verk ljósmyndara sem hafa endurnýjað hið gamla myndmál landslagshefðar-innar, endurspegla land og ljós af kunnáttusamlegri næmni, en einnig er tekið á náttúrunni á drungalegri hátt og ljóðrænni.

Margir sýnenda vinna innan þess sviðs sem kallað er heimildaljósmyndun en afraksturinn er afar ólíkur. Við sjáum sjoppur sem horfið hafa úr Reykjavíkurborg, eyðingu að verki innan eyðibýla, fólk í óvægnu umhverfi Norður-Atlantshafsins, álfabyggðir innan þéttbýlis og skrifstofur forsetaframboða.

of topics and treatment has however increased considerably in the past decades. The camera has increasingly been focused on society, the works of men and their affect on the environment. The human experience, fabricated or real, has been reflected in various ways.

It is the objective of this exhibition not to limit the medium but to show works that are extremely different in both style and perspective. Here you find works of photographers that have renewed the old imagery of the landscape tradition, reflecting the land and light with a knowledgeable sensitivity, but there are also others that handle nature in a more sombre and poetic way.

Many of the artists that exhibit here work within the field of documentary photography but the results are very diverse. We see kiosks that have disappeared in Reykjavik, destruction in action inside deserted farms, people in the harsh environment of the North- Atlantic, elf settlements within the urban area and offices of presidential candidates.

In modern times the camera is used to conjure up characteristics of products and to reflect the spirit of the times or to fashion new trends. Here you find

Í samtímanum er ljósmyndavélinni óspart beitt við að draga fram einkenni á vörum og endurspegla tíðarandann, eða búa til nýja strauma. Hér eru ljósmyndir eftir fulltrúa tískugeirans og ímyndaheimsins. Og aðrir skrá ásjónur manna á formlegri hátt eða halda dagbók um tilveru sína með myndum.

Á síðustu áratugum hefur það færst mjög í vöxt að myndlistarmenn notfæri sér skráningarmöguleika ljósmyndatækninnar við að myndgera hugmyndir sínar. Hluti listamannanna sem kenndir eru við SÚM notuðu ljósmyndir og allar götur síðan hefur ljósmyndin verið mikilvægur miðill í sköpunarferli íslenskra listamanna. Hér má sjá uppákomur sem lifa í myndum, heimildir um atburði; myndir sem unnar hafa verið og breytt á stafrænan hátt, frásagnaraðir um tilbúna atburði og sviðsetningar. Myndefnið æði ólíkt: fiskar og ljósabúðir, skreyttar konur, tjöld og snjóskaflar, sauðahorn með brúðuhausum, jafnvel teiknaðar eftirmyndir ljósmyndaðra fossa. Reynt er á ljósmyndina, möguleikar hennar kannaðar og nýttir. Brugðið upp spegilmynd af lifandi samfélagi með öflugum miðli.

*Einar Falur Ingólfsson*

photographs from the world of fashion and images. And others register the faces of men in a more formal manner or keep a diary of pictures of their existence.

In the past decades artists have increasingly used the documentary elements of photography to realize their ideas. The SÚM-movement actively used photographs as a medium and the photograph has ever since been an important device in the creative process of Icelandic artists. Here you find happenings that live on in photographs, documentations of events, pictures that have been digitally manipulated and altered, narrative of fictional events and staging. The subject matter is varied: fish and lamp stores, decorated women, tents and snowdrifts, sheep horns with doll heads, even drawings of photographed waterfalls. The photograph is put to the test, its possibilities explored and used. The living society is reflected through this powerful medium.

*Einar Falur Ingólfsson*

**Ólafur Elíasson:** Leitað að heitu vatni í landi Gunnars, 1995



## LJÓSMYNDARAR / LIST OF PHOTOGRAPERS IN THE EXHIBITION:

Ari Magg (f. 1977) · Benedikt Valsson (f. 1965) · Birgir Andrésson (f. 1955) · Bjargey Ólafsdóttir (f. 1972) Daníel Magnússon (f. 1958) · Einar Falur Ingólfsson (f. 1966) · Gjörningaklúbburinn (Icelandic Love Corporation) Guðmundur Ingólfsson (f. 1946) · Guðmundur Oddur Magnússon (f. 1955) · Haraldur Jónsson (f. 1961) · Hrafnhildur Arnardóttir (f. 1969) · Hrafnkell Sigurðsson (f. 1963) · Hreinn Friðfinnson (f. 1943) · Hrönn Axelsdóttir (f. 1959) Ívar Brynjólfsson (f. 1960) · Katrín Elvarsdóttir (f. 1964) · Kristín Hauksdóttir (f. 1966) · Magnús Reynir Jónsson (f. 1956) Orri Jónsson (f. 1970) · Ólafur Elíasson (f. 1967) · Ólöf Nordal (f. 1961) · Páll Stefánsson (f. 1958) · Ragnar Axelsson (f. 1958) · Sigurgeir Sigurjónsson (f. 1948) · Sigurður Guðmundsson (f. 1940) · Snorri Bros. · Spessi (Sigurþór Hallbjörnsson) (f. 1956) · Stephan Stephensen (f. 1971) · Særún Stefánsdóttir (f. 1970) · Tumi Magnússon (f. 1957)

## INNGANGUR

Hugmyndir að sýningum verða að veruleika eftir mismunandi leiðum. Á síðasta ári leiddi sameiginlegt verkefni Listasafns Reykjavíkur, Þjóðminjasafns Íslands og Ljósmyndasafns Moskvu til sýningar sem bar heitið Íslensk ljósmyndun – yfirlitssýning, sem var haldin í Moskvu í nóvember 2002.

Á þeirri sýningu var íslensk ljósmyndun notuð til að sýna annars vegar daglegt líf á Íslandi um aldamótin 1900 með úrvali ljósmynda, sem eru meðal dýrmætustu hluta ljósmyndadeildar Þjóðminjasafns Íslands. Hins vegar var um að ræða úrval af því helsta sem er að gerast í íslenskri ljósmyndun í dag. Alls voru valdir til samstarfs 28 ljósmyndarar og listamenn, og verk þeirra töldu nær hundrað og þrjátíu myndir. Það var ákveðið að íslenskir safngestir ættu einnig að fá notið þessara verka, og þau eru kjarni þeirrar sýningar sem hefur nú verið sett upp í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, Nýir tímar í íslenskri samtímaljósmyndun.

Verkin voru valin með það í huga að spanna hið breiða svið íslenskrar ljósmyndunar. Ljósmyndin nær yfir allar tegundir listsköpunar í landinu, og er afar mikilvægur þáttur í íslensku listalífi. Hugmyndalistin kom fram á Íslandi á sjöunda og áttunda áratugnum, meðal annars í gegnum ljósmyndina. Landið, víðerni þess og fegurð, eru mikilvægir þættir í íslenskri ljósmyndun, sem hefur notið vaxandi athygli á alþjóðavettvangi á undanförnum árum, á sama tíma og erlendir ljósmyndarar koma sífellt oftar til landsins til að ljósmynda.

Á sýningunni er að finna dæmi um ímynd mannsins í eigin samfélagi, tímalaus sérkenni mannlegrar tilveru í byggingum og umhverfi, tískuljósmyndun og persónumyndum. Allt eru þetta mikilvægir þættir í íslenskri ljósmyndun samtímans, sem gestir fá vonandi notið í því úrvali ljósmynda, sem hér er að finna.

Tilgangurinn er að nota ljósmyndina til að bregða upp fjölbreyttri spegilmynd íslenskrar tilveru á mótum tveggja alda.

*Eiríkur Þorláksson,*
*forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur*

## INTRODUCTION

Ideas for exhibitions come to us in different ways. Last year, a joint project of the Reykjavík Art Museum, the National Museum of Iceland and the Moscow House of Photography resulted in an exhibition entitled Icelandic Photography – Retrospective that was presented in Moscow in November 2002.

The exhibition showed on the one hand, life in Iceland around 1900 through a selection of the most treasured photographs of the Department of Photography and Prints in the National Museum in Iceland, and on the other it presented an overview of what is happening in Icelandic photography today. A selection of some of the best contemporary Icelandic photography was chosen for this and in all, works by 28 photographers and artists were selected for this presentation, showing almost 130 photographs. It was decided that this selection should also be made available to a museum audience in Iceland; thus, these works form the core of this exhibition in the Reykjavík Art Museum, New times in Icelandic Photography.

These works have been selected to span the diversity of Icelandic photography. Photography is part of all kinds of artistic creation, and an important part of the art scene in Iceland. Conceptual art came to Iceland in the sixties and seventies through photography among other things. The land and its expansive beauty is a vital part of Icelandic photography, which has increasingly received attention on the international scene, and foreign photographers travel more and more to Iceland to photograph.

The exhibition displays works referring to the image of man in society, timeless characteristics of human existence as presented in buildings and the environment, fashion photography and portraiture. All of these are important aspects of Icelandic contemporary photography that guests will hopefully enjoy through these selected works.

The purpose is to use photography to show the variety of Icelandic existence at the turn of the millennium.

*Eiríkur Þorláksson,*
*Director of Reykjavík Art Museum*

Sýningarstjórn / Curators: **Einar Falur Ingólfsson, Eiríkur Þorláksson** og / and **Pétur Arason.**

## Kjarvalsstaðir

**Flókagötu - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 552 6131 Fax: (354) 562 6191
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / *Guided tours Sunday 15.00***

**Fastasýning / *Permanent exhibition***
Myndir úr Kjarvalssafni / *Works from the Kjarval Collection*

**20. júní – 24. ágúst**
**Nýir tímar í íslenskri ljósmyndun /**
***New times in Icelandic Photography***
Samtímaljósmyndir 30 íslenskra ljósmyndara og listamanna. / *An exhibition of Icelandic contemporary photography.*

## Hafnarhús

**Tryggvagötu 17 - 101 Reykjavík**

Sími/Tel: 590 1200 Fax: 590 1201
Opið daglega / *Open daily* 10-17
**Leiðsögn sunnudaga kl. 15.00 / *Guided tours Sunday 15.00***

**Fastasýning / *Permanent exhibition***
**Erró – Stríð / *Erró - War***
Verk úr safneign / *From the Collection.*

**13. júní – 7. september**
**Innsýn í erlenda samtímalist á Íslandi / *Insight into International contemporary art in Iceland.***

**Sunnudaginn 6. júlí kl. 15.00**
Leiðsögn um sýninguna í höndum sýningastjóra, Ingólfs Arnarssonar.

**13. júní – 31. ágúst**
**Humar eða frægð - Smekkleysa í 16 ár. /**
***Lobster or Fame - Two Decades of Bad Taste Ltd.***
Dýrindis blanda af tónlist, ljósmyndum, kvikmyndum og texta frá Smekkleysu, einu framsæknasta og djarfasta menningarfyrirbæri sem sprottið hefur upp á Íslandi. Útgáfufyrirtækið Smekkleysa sem ól af sér Sykurmolana, Reptile, Ham, Björk, Sigur Rós og Mínus, fagnar nú 16 árum af íslenskri tónlist og menningu, bæði ríkjandi og róttækri. / *A sumptuous mix of music, photography, film and text by Smekkleysa SM widely known as Bad Taste SM Ltd. - perhaps the most experimental and daring cultural organization to come out of Iceland. Celebrating 16 years of Icelandic music and culture, both mainstream and uncompromising, this is the label which nurtured The Sugarcubes, Reptile, Ham, Björk, Sigur Rós and Minus.*

## Ásmundarsafn

**Sigtúni - 105 Reykjavík**

Sími/Tel: (354) 553 2155 Fax: (354) 590 1201
Opið alla daga 13-16 / *Open daily 13-16*

**20. maí -**
**Ásmundur Sveinsson – Nútímamaðurinn / *The Modern Man***

**ATH! Aðgöngumiðinn gildir samdægurs í öll þrjú húsin**
***NB! The admission-ticket is valid on the same day for all three houses***

**Safngestir njótið góðra og glæsilegra veitinga í veitingastofu Kjarvalsstaða og í Hafnarhúsinu.**
***Guests can enjoy excellent refreshments in the café in Kjarvalsstaðir and in Hafnarhúsið.***

GUTTENBERG